



Tilmæli 34/2022
Tillaga B 342/UVN
Afgreidd af Norrænu velferðarnefndinni

Nefndarálit um svar við tilmælum 34/2022 um samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023–2024

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki mið af svari við tilmælum 34/2022 um samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023–2024 og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún hrindi í framkvæmd samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023–2024, eins og henni er lýst í drögum að ráðherranefndartillögu og að teknu tilliti til sjónarmiða nefndarinnar.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023–2024 tekur gildi 1. janúar 2023 og verður hún framkvæmd með hliðsjón af athugasemdum Norðurlandaráðs.

Í ljósi þessa telur Norræna ráðherranefndin að farið hafi verið að tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin þakkar Norrænu ráðherranefndinni fyrir svarið við tilmælum 34/2022 um samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023–2024.

Það er nefndinni fagnaðarefni að Norræna ráðherranefndin skuli hrinda í framkvæmd samstarfsáætlun á sviði dómsmála fyrir tímabilið 2023–2024 með hliðsjón af sjónarmiðum nefndarinnar.

Nefndin lítur svo á að með þessu svari við tilmælum 34/2022 um samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023–2024 sé *afgreiðslu tilmælanna lokið* af hálfu ráðsins.